

Úr dagbókinni

Loksins vorum við komin í sumarfrí. Búin að missa af stóru ferðinni, sem mér skilst að hafi verið ferð allra ferða. Við lögðum af stað að heiman um kaffileitið og tókum stefnuna á Vestfirði, með viðkomu á Akureyri þar sem Rúnar keypti sér regngalla, þrátt fyrir allar sólksinsspár. Við ætluðum sem sé að elta sólina.

Kvöldmatinn snæddum við í návist Stephans G. eins og svo oft áður. Það var glaða sólskin og sveitin fyrir fótum okkar skartaði sínu fegursta. “Skin við sólu Skagafjörður” eru orð að sönnu. Á leiðinni ofan af Vatnsskarðinu mættu okkur þokubólstrar, dökkir næst jörðu en drifhvítir að ofan, eins og ullin hennar Mariu meyjar. Himinninn blágrænn og sólgylltur ofan við þokubakkana.

Við ætluðum að gista á Blönduósi, en þar var allt fullt af útlendum húsbílum, sem dreifðust mjög óskipulega um allt og lögðu þversum fyrir rafmagnsstaurana, svo að við létum ekki fyrr en á Laugarbakka í Miðfirði. Þar vorum við svo sannarlega ein í heiminum. Ekki var hægt að komast í sund og ekki fékk ég neina mynd á sönvarpið þrátt fyrir ítarlegar leiðbeiningar Kidda Villa. Því náttuðum við snemma. Veðrið var hlýtt og notalegt, þrátt fyrir dumbunginn.

Á miðvikudagsmorguninn vorum við ferðbúin um kl. 10. Engan fundum við til að gjalda fyrir gistinguna, eða til að selja okkur bensín. Við fundum vatnskranu og bættum á vatnstankann okkar. Þetta reyndist seinna einhver verstí drykkur sem um getur. Næsti áningarstaður var Staðarskáli, þar fengum við bensín og sinntum öðrum perónulegum þörfum okkar. Gunní kokkur var að elda saltkjöt og baunir og lagði ilminn út á hlað þar sem gamli, guli kötturinn var að þvælast innan um bílana. Merkillegt hvað hann sleppur við að lenda undir einhverjum þeirra eins og hann er orðinn svifascinn. Rúnar leit á skiltið við Brú og sá að það var bara 61 km til Hólmavíkur en honum þótti eitthvað skritið hvað þessir kílómetrar voru seinfarnir þangað til hann áttaði sig. Vegurinn til Hólmavíkur er nr. 61!

Alltaf smárigndi og vegurinn var svaðblautur. Við fengum okkur snarl á planinu við kaupfélagið. Ég brá mér í búðina á meðan karlinn skólpaði mesta skitnum af bílnum, þar sá ég plastkönnu í hillu eins og þá sem ég keypti í Hagkaupi á Akureyri á 359 kr. en þarna kostaði hún 660 kr. Á handverksmarkaði í tjaldi við hliðina á þvottaplaninu var aftur á móti hægt

að gera reyfarakaup. Þar létu konur forlata lopapeysur af hendi fyrir 3-4000 kr. og annað var eftir því. Ég hefði getað grátið.

Frá Hólmavík héldum við sem leið lá inn Steingrímsfjörð. Gróðurinn þar er mjög fallegur og naut sin vel í sallarígningunni. Allstaðar eru sumarbústaðir meðfram Steingrímsfjarðaránni, alveg upp á heiði. Við kræktum fyrir Ísafjörðinn og ókum út á Reykjanes. Mikið var af álfum og æðarfugli á firðinum og selir hrotu á skerjum. Þegar við komum að Reykjanesskóla, dengdum við okkur umsvifalaust í laugina sem er nú náttúrufyrirbæri út af fyrir sig. Heita vatnið gýs allstaðar upp um sprungur í steingólfinu og þar sem kaldast er, er eins og í vel heitum potti. Enda er auglýst að menn fari út í á eigin ábyrgð og fritt fyrir alla.

Við lögðum bílnum utan við tjaldstæðið en ekki má fara inn á það á bil. Annar húsbíll var rétt hjá okkur, karlinn þar var í stuttbuxum, svörtum jarðarfararsokkum og blankskóm við. Tveir strákar voru í tjaldi við hliðina á okkur. Þeir voru með rennda pinnastóla með sér og grilluðu pylsumar sínar á risastóru tunnugrilli. Í kvöldbliðunni gengum við um fjöruna, skoðuðum laxeldisstöðina og fylgduðumst með siglingu Fagranessins til og frá Amgerðareyri. Einu gáruðnar á sjönum voru boðaföllin frá skipinu og litlir hringir sem marglitturnar mynduðu á fjöruborðinu. Já, þar var sannarlega "kyrlátt kvöld við fjörðinn."

Það er verst hvað hann Rúnar "litli" er hræddur við kriuna hún var með unga sína rétt við húshornið í hólma á volgri tjörn og hjó alla sem framhjá gengu. Eftir rólega nótt fórum við í bað meðal grænþörunganna í lauginni, hún var heldur kaldari en í gær, en samt hefði leikandi verið hægt að sjóða kjötsúpu af laugargestum, hitans og grænmetisins vegna. Ég hitti staðarhaldarann, sem er búinn að taka skólann, sem ekki lengur er skóli, á leigu til fimm ára. Ég spurði hann um þýska garðyrkjumanninn, sem bjó hér fyrir stríð og átti að njósna fyrir þriðja ríkið og var síðan hundeltur og handtekinn af breska hernámsliðinu. Hann sýndi okkur það sem eftir var af fjárhúsinu hans, en við hliðina á því hafði verið hænsnahús. Ef hænunum varð það á að verpa úti, soðnuðu eggin eins og skot. En úti um allt voru veggsumerki eftir kartöflugarðana sem voru skálkaskjól njósnaans.

Það hefði verið gaman að dvelja þarna lengur, en áfram héldum við fyrir nesið og allt til Djúpmannabúðar. Rúnar vildi endilega heilsa upp á Álfhildi sína vert og þakka henni fyrir síðast. Hún sagðist hafa fengið hellings viðskipti út á viðtal Flakkara eins við Þjóðarsálina og vildi endilega launa

okkur það með kaffi og ljúffengri kaniltertu. Það sem eftir var þessarar ferðar migrignði og sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það.

Flökkukona nr. 208



Gullkom úr minningargreinum

- Ofn var bedið eftir því að Guðmundur væri allur en hversu ofn hann reis upp frá dauðum er óskiljanlegt.
- Hún hafði það sterka skapgerð að smávegis rigningarsuddi setti hana ekki úr jafnvægi.
- Þrátt fyrir góða greind gekk hún aldrei í kvenfélag.
- Þeir sem guðirnir elska deyja ungir. Þessi orð koma mér í hug þegar ég minnist afa. Hann var á 93. aldursári þegar hann lést.
- Þar voru m.a. María Rögnvaldsdóttir og Guðrún Sigurðardóttir frá Fofafæti. End þótt María væri hálfslæm í fæti lék hún við hvern sinn fingur.
- Og má segja að ekki setti hún svo skál á borðið með tvíbökum að ekki stafaði af því mykt og listfengi.
- Helga lést svo þennan dag kl. 4. Helga hafði ætlað að eyða deginum í annað.